

Taxti fyrir einstaklinga:

| | |
|-----------------------|--------------------------|
| 1. Tekjur undir | kr. 25 000.00 á mánuði |
| 2. Tekjur milli | — 25 000.00 og 45 000.00 |
| 3. Tekjur milli | — 45 000.00 og 70 000.00 |
| 4. Tekjur yfir | — 70 000.00 |

Taxti fyrir hjón og sambýlifsólk:

| | |
|-----------------------|---------------------------|
| 1. Tekjur undir | kr. 40 000.00 á mánuði |
| 2. Tekjur milli | — 40 000.00 og 70 000.00 |
| 3. Tekjur milli | — 70 000.00 og 100 000.00 |
| 4. Tekjur yfir | — 100 000.00 |

Til frádráttar tekna komi kr. 5 000.00 fyrir hvert barn.

3. gr.

Gjaldstíginn er saminn með viðmiðun við tímalaun starfsfólks heimilisþjónustunnar, kr. 221.00, og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á þessum kaupfaxta, ber að breyta gjaldstíganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 1. des. 1958 og nr. 47 28. febr. 1972.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilsparfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun. Verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. mgr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.25% (0.25 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar sbr. 3. mgr.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 6. mgr., skal vera kr. 5.00 á hvern rúmmetra vatns.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað um, allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Hafnarfirði.

1. gr.

Að öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalignir liggja, skal greiða árlega holræsagjald til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn holræsagjaldsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts og er hann í gjaldskrá þessari nefndur fasteignamat.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá bæjarráð skattinn. Við ákvörðun holræsagjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald, sem nemur 0.08% (0.8 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.